

Fundur var haldinn á sal skólans hjá FFH fimmtudaginn 6. maí 2010 kl. 17:30-18:30.

Á fundinn mættu Stefanía, Soffía, Ágústa, Ösp, María, Jóhanna og Sigríður

Efni fundarins:

1. Ragnheiður Davíðsdóttir forvarnafulltrúi verður með umferðarfræðslu þann 12. maí og verður 8. bekkur sér og 9.-10. bekkur saman.
2. Foreldrafélagið gefur skólanum gjafir á vorin og efst á óskalistaum hjá skólanum eru saumavélar. Ákveðið var að kaupa 4 stk. af Pfaff saumavélum. Skólinn fékk einnig afhentar krítar, bolta, sippubönd og annað útidót í lok apríl.
3. Vorhátíð verður föstudaginn 4. júní. Þá sér foreldrafélagið ásamt skólanum um að grilla pylsur fyrir krakkana. Útvega þarf grill.
4. Hjólaferni - Dr. B.Æ.K. = Búnaður - æfing - kjarkur = Dr. B.Æ.K Hjólaferni miðar að því að auka öryggi hjólreiðamanna í umferðinni. Stefnt verður að því að hafa hjólaferni í lok maí fyrir 4. bekk. Gott væri ef íþróttakennarar myndu tileinka sér hvað er kennt þar svo þeir gætu miðlað því áfram á næsta ári.
5. Fréttabréf FFH verður sent út í maí.
6. Boða þarf til aðalfundar sem á að vera 25. maí með fimm daga fyrirvara hið minnsta. Athuga hvort Skólamatúr hefði áhuga á að hafa kynningu á fundinum einnig ef skólastjórn hefði eitthvað sem hún vildi koma á framfæri.
7. Hafa samband við Lögregluna varðandi hjólaskoðun og fá lánað grill fyrir vorhátíð.
8. Leikhópurinn Lotta sýnir Hans Klaufi. Athuga þarf hvort aðrir skólar vilji taka þátt í að fá leikhópinn og hafa sýningu kannski í skruðgarðinum.
9. Kom hugmynd að hafa rúnstykki og kakó fyrir nemendur sem fara í samræmd próf. Einnig kom hugmynd að merkja hurðarnar á kennslustofunum s.s. smíði hafa mynd af smíðastofu eða tónlistarherbergi hafa nótur á hurðinni. Sett í hendur næstu stjórnar að ákveða.

## Verkefni

## Hver

Verkefni	Hver
Umferðafræðsla 12. maí	Stefanía
Hjólaferni	Sigga
Aðalfundur 25. maí	Allar
Vorhátíð 4. júní	Allar
Tala við lögreglu vegna láns á grilli	Stefanía
Boða til aðalfundar	Stefanía
Leikrit - Lotta	Stefanía
Skólamatúr - Kynning 25. maí	Stefanía
Gjafir - Saumavélar	Stefanía